

# FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

## 320. fundur

Föstudaginn 3. apríl 2020 var haldinn fjarfundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 11:30.

### Mætt voru

Björg Fenger (BF), Hjálmar Sveinsson (HS), Karen Halldórsdóttir (KH), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ), Ásgeir Sveinsson (ÁS) og Helga Ingólfssdóttir (HI)

Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá fundar:

1. Stöðumat vegna Covid-19.
2. Leiðarkerfismál.
3. Áhættustýring Strætó
4. Vinnustaðagreining Strætó.
5. Rekstrarform byggðarsamlaga.
6. Fargjaldastefna og rafrænt greiðslukerfi staðan.
7. Önnur mál.
  - a. Dómsmál staðan
  - b. Metan mál.
  - c. Ferðaþjónustan – staðan.
  - d. Metan mál.

### Tekið fyrir:

#### 1. Stöðumat vegna COVID-19

Jóhannes Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó kynnti áhrif Covid-19 á rekstur félagsins. Tekjur hafa dregist mikið saman og farþegafjöldi hefur minnkað. Ekið er skv. laugardagsáætlun en byrjað fyrr á morgnana. Þetta er um 35% minni akstur á virkum dögum. Vegna fjöldatakmarkanna í vögnum þá eru nokkrir aukavagnar sendir á morgnana og síðdegis. Staðan er tekinn daglega á þörf fyrir aukavagna. Tekjur vegna appsins fóru lítilega upp í síðustu viku en tekjur úr baukum (staðgreiðsla) er enginn.

#### 2. Leiðarkerfismál.

Fyrir fundinum lá minnisblað um leiðarkerfismál og niðurstöðu fundar með sveitarfélögum. Skv. áætlun er gert ráð að akstur skv. sumaráætlun hefst í maí. Umræður um hversu lengi ekið yrði skv. núverandi áætlun. Stjórn Strætó samþykkt að fresta upphafi sumaráætlunar þar til nánari upplýsingar liggja fyrir um hvenær aflétt verður samkomubanni. Birta þarf breytt akstursplan með um 6 vikna fyrirvara.

#### 3. Áhættustýring Strætó

Farið var yfir áhættustýringarskjal Strætó. Búið er að uppfæra og yfirfara áhættustýringu með stjórnendum Strætó og hefur verið bætt inn nýrri áhættu vegna faraldursins sem nú gengur yfir og hefur töluverð áhrif á rekstur Strætó, tekjur og fjárfestingu í vögnum. Mikli áhætta á að rekstrar- og fjárfestingaráætlun ársins gangi ekki eftir. Gripið hefur verið til mótvægisáðgerða þar sem við á til að draga úr áhættunni og áhrifunum.

#### 4. Vinnustaðagreining hjá Strætó

Sigríður Harðardóttir, sviðstjóri mannauðs og gæðamála fór yfir niðurstöður vinnustaðagreiningu sem gerð var í febrúar s.l.

## 5. Rekstrarform byggðasamlaga

Björg Fenger stjórnarformaður Strætó fór yfir stöðuna á þessu, en búið er að halda kynningar- og vinnufund með hagsmunaaðilum og gert ráð fyrir að tillögur líti dagsins ljós í maí n.k.

## 6. Fargjaldastefna og rafrænt greiðslukerfi.

Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó fór yfir stöðuna á verkefninu. Fargjaldastefnu Strætó þarf að samþykka formlega en unnið hefur verið eftir drögum að henni við stillingu greiðslukerfisins. Gengisaðlögun íslensku krónunnar hefur haft áhrif á fjárfestingu til hækunar. COVID-19 hefur haft áhrif á verkefnið sem mun seinka lítilega miðað við stöðuna í dag.

Kynnt var nýtt nafn á appið og kortið eftir samkeppni meðal almennings. Niðurstaða dómnefndar verður kynnt um og eftir miðjan apríl.

## 7. Önnur mál

- a. Dómsmál, Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó fór yfir stöðuna á tveimur dómsmálum sem eru í gangi. Annarsvegar vegna akstursútboðs 2010 og hinsvegar í akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og fötluð skólabörn og snýst um forgangsroðun.
- b. Metan mál, fyrir fundinum lágu drög að viljayfirlýsingu milli Strætó og Sorpu. Stjórn Strætó samþykkir fyrirbyggjandi drög.
- c. Akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og fötluð skólabörn, mikil fækkun á ferðum eða úr rúmlega 2000 í um 400 á dag. Núverandi fyrirkomulag fellur úr gildi þann 30. júní n.k. og hafa verið send út útboðsgögn vegna nýs samnings sem tekur gildi 1. júlí n.k..
- d. Kæra til úrskurðarnefndar um útboðsmál. Ridango kærði framkvæmd útboðs um rafrænt greiðslukerfi og barst úrskurður kærunefndar í síðustu viku þar sem kröfu kæranda er hafnað.

Fundi slitið: kl. 13:30

**Fylgiskjöl: COVID -19 staðan**  
**Vinnustaðagreining Strætó**

\_\_\_\_\_  
Björg Fenger

\_\_\_\_\_  
Hjálmar Sveinsson

\_\_\_\_\_  
Sigrún Edda Jónsdóttir

\_\_\_\_\_  
Karen Halldórsdóttir

\_\_\_\_\_  
Helga Ingólfssdóttir

\_\_\_\_\_  
Ásgeir Sveinsson